

Reglur Egilsstaðaskóla um notkun síma og i-poda/ tónhlaða á skólatíma

Gildistími frá desember 2014

Nemendur í 1.-4. bekk eiga ekki að vera með síma eða i-poda á skólatíma

Öll tæki eru ávallt á ábyrgð nemanda hvort sem þau tynast eða skemmast

Símar og i-podar (tónhlöður)

- Símar og i-podar eru aðeins leyfilegir hjá nemendum í 5.-10. bekk
- Símar og i-podar eiga að vera í töskum í kennslustundum og aðeins má nota þá með leyfi kennara
- Síminn á alltaf að vera á hljóðri stillingu
- Nemendum er bannað er að taka myndir/myndbönd af nemendum/starfsfólki í skólanum nema á skemmtunum eða þegar myndatakan er hluti af skólavinnu
- Nemendur mega ekki vera með símann uppi við í matsalnum á matartíma
- Nemendur mega ekki vera með opin samskiptaforrit í kennslu
- Nemendur mega ekki fara inn á óviðeigandi vefsíður sem ekki eru ætlaðar aldri þeirra eða þroska og/eða skoða efni sem ekki er við hæfi

Viðurlög við brotum á reglum þessum:

Tekið verður á þeim sem brjóta reglurnar.

1. Við fyrsta brot fær nemendinn tiltal og það færð sem tiltal í Mentor
2. Við annað brot verður haft samband við foreldri/a símleiðis og þeir beðnir um að nemendur verði ekki með símann í skólanum í tiltekinn tíma. Viðkomandi kennari skráir í Mentor.
3. Við þriðja brot ákveður skólinn hversu lengi nemendur eru ekki með símann í skólanum. Skráð í Mentor.
4. Skólastjórnendur halda utan um skráningar.

Ef nemandi hefur ekki fengið tiltalsskráningu vegna síma þá fer hann í símapott sem dregið er úr 2.-3 var á önn. Verðlaun eru í samráði við nemendaráð.